

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Tálknafjarðarhreppi.

Íbúðarsvæði Túnahverfi.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum 10. desember 2020 breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Túnahverfis. Breytingin fól í sér 20,4 m² viðbyggingu við Miðtún 7 og breytingar á lóðamörkum. Lóðamörk breyttust við Miðtún 9 og 11 við þessar tilfærslur en þær eru óbyggðar. Breytingartillagan var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 14. október 2020.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

Tálknafirði, 10. desember 2020.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020